

á hátt þann er sjálfum mér lízt,  
og eg hefi efni til;  
eg þrýsti 'onum ekki o'n í augun á mér,  
og út um landið og sævarhyl  
syng hátt svo minn óður að hlustunum brýzt.  
Þó hrópi upp dóminn hver kollhúfu pattinn  
eg kýs ekki að vera neinn annar en eg er.

Kr. St.



## Áfram og uppávið.

*„Vér trúum á framför mankynsingins áfram og uppávið að eilísu.“*

Í daglegu máli, út um byggðir, þar sem bændahúsin standa strjált og menn fara skemri leiðir sínar oft fótgangandi — og ber þá oft við að þeir nema staðar í húsum er verða kunna á leiðinni, þá þeir hafa hvílt sig um stund og fara af stað aftur. Heyrir maður sagt: „Eg held eg verði að halda áfram,“ eða „þá er bezt að halda áfram“.

Mér finnst aldrei orðið *áfram* notað í eins réttum og sönnum skilningi og þá. Það er að *halda áfram*, að komast ferða-áætlun sína á enda. Þegar er snúið við aftur, og ferðin einhverra hluta vegna ekki farin á enda, segjast sumir „*halda áfram*,“ *halda áfram* heim. En hér er orðið misbrúkað. Það er alls ekki að halda áfam, að hverfa aftur. Það er að hverfa til baka. Málíð sjálft segir oss það, og svo líka eðli allra sanna ferðalaga. Áleiðis snúa sporin áfram, heimleiðis snúa þau til baka.

Þegar skáldið starir út í heiminn og hrópar „til Austurheims vil eg halda“, óskar það sér á burt þaðan sem það er, ferðin er áfram. En þegar það biður, „færðu mig aftur hvar áður eg var“, er leiðin til baka glögg og skýr.